



Heilsbraut

MATREIÐSLUBÓK HEILSUBRAUTAR



UNNIÐ AF:
ÁSGERÐI HAUKSDÓTTUR
GUÐRÚNU ERLU ÞORVARÐARDÓTTUR
ÞORVALDI HEIÐARI GUÐMUNDSSYNI



Ananas boozt

ÞÚ ÁTT AÐ NOTA:

| | | |
|---------|--|----------------------------|
| 1/2 stk | | Hálfur ferskur ananas. |
| 1 stk | | Einn banani. |
| 1 stk | | Eitt stykki weetabix. |
| 1 dl | | Einn desilíter ananassafi. |
| 1 stk | | Ein dós skyr. |

ÞETTA ÁTTU AÐ GERA:

| | |
|--|-----------------------------------------------------------|
| | 1. Skerið ananas og banana í litla bita. |
| | 2. Mælið ananassafa. |
| | 3. Setjið allt hráefni í blandarann og blandið vel saman. |






Grænn og vænn

ÞÚ ÁTT AÐ NOTA:

| | | |
|------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------|
| 2 msk  |  | Tvær matskeiðar engifer. |
| 1 stk |  | Einn banani. |
| 1 lúka |  | Ein lúka spínat. |
| 2 dl  |  | Tveir desilítrar heilsusafi. |
| 1 dl  |  | Einn desilíter frosið mangó. |

ÞETTA ÁTTU AÐ GERA:

| | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------|
|  | 1. Afhýðið engifer og skerið smátt. Skerið banana. |
|  | 2. Mælið heilsusafa og frosið mangó. |
|  | 3. Setjið allt hráefni í blandarann og blandið vel saman. |






Jarðaberja-hristingur

ÞÚ ÁTT AÐ NOTA:

| | | | |
|-------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------|
| 5 dl |  |  | Hrísmjólk. |
| 4 stk | |  | Fjórir bananar. |
| 2 msk |  |  | Tvær matskeiðar kókos-olífa. |
| 4 stk | |  | Fjórar döðlur. |
| 1 tsk |  |  | Ein teskeið vanilluduft. |
| 400 g | |  | Fjögur hundruð grömm frosin jarðaber. |



ÞETTA ÁTTU AÐ GERA:

| | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------|
|  | 1. Skerið banana og döðlur smátt. |
|  | 2. Mælið hrísmjólkina, kókosolíuna, vanilluduftið og jarðaberin. |
|  | 3. Setjið allt hráefni í blandarann og blandið vel saman. |






Grænmetisbakki

ÞÚ ÁTT AÐ NOTA:

| | | |
|-------|-------------------------------------------------------------------------------------|---------------------|
| 2 stk |  | Tvær paprikur. |
| 1 stk |  | Ein agúrka. |
| 6 stk |  | Sex gulrætur. |
| 1 stk |  | Einn haus brokkolí. |
| 1 stk |  | Einn haus blómkál. |






ÞETTA ÁTTU AÐ GERA:

| | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------|
|  | 1. Skolið og skerið papriku, agúrku og gulrætur í strimla. |
|  | 2. Skolið og skerið brokkolí og blómkál í litla bita. |
|  | 3. Raðið grænmetinu fallega á bakka og berið fram. |






Ávaxtabakki

ÞÚ ÁTT AÐ NOTA:

| | | |
|-------|-------------------------------------------------------------------------------------|--------------|
| 1 stk |  | Einn ananas. |
| 2 stk |  | Tvö epli. |
| 2 stk |  | Tvær perur. |
| 1 stk |  | Eitt mangó. |
| 1 stk |  | Ein melóna. |

ÞETTA ÁTTU AÐ GERA:

| | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------|
|  | 1. Afhýðið ananas, epli og perur og skerið í litla bita. |
|  | 2. Skerið mangó og melónu í litla bita. |
|  | 3. Raðið ávöxtunum fallega á bakka og berið fram. |






Hafragrautur



ÞÚ ÁTT AÐ NOTA:

| | | | |
|--------|------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------|
| 2 dl |  |  | 2 desilítrar af haframjöl. |
| 4 dl |  |  | 4 desilítrar vatn. |
| 10 stk | |  | 10 stykki bláber. |

ÞETTA ÁTTU AÐ GERA:

| | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------|
|  | 1. Mælið 2 dl af haframjöli og 4 dl af vatni og setjið í pott. |
|  | 2. Látið suðuna koma upp, lækkið þá hitann og látið sjóða í 2 mínútur. |
|  | 3. Setjið hafragrautinn í skál. Stráið bláberjum yfir og léttmjólk eða sojamjólk. |














HUGMYNDIR AF ÚTFÆRSLU:

| | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------|
|  | 1. Gott er að setja 1/4 - 1/2 tsk af kanil út í pottinn og sjóða með grautnum. |
|  | 2. Gott er að setja aðra ávexti t.d. jarðaber eða banana út í grautinn, rúsínur, hnetur eða fræ. |



Múslí

ÞÚ ÁTT AÐ NOTA:

| | | | |
|----------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------|
| 3 dl |  |  | Settu þrjá desilítra af tröllahöfrum í skál. |
| 1 1/2 dl |  |  | Settu einn og hálfan desilíter af spelthveiti í skálina |
| 1 dl |  |  | Bættu við einum desilíter af þurrkuðum trönuberjum. |
| 1/2 dl |  |  | Settu loks hálfan desilíter af pistasíuhnetum í skálina. |
| 125 g | |  | Vigtaðu hundrað tuttugu og fimm grömm af smjöri. Settu í pott. |
| 2 msk |  |  | Mældu tvær matskeiðar af lífrænu hunangi og bættu í pottinn. |
| 2 msk |  |  | Settu að lokum tvær til þrjár matskeiðar af xylitol í pottinn. |



Múslí

ÞETTA ÁTTU AÐ GERA:

| | |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|  | <p>Hitið ofninn í 180°C.</p> |
|   | <p>Blandið saman í skál tröllahöfrum, speltthveiti, trönuberjum og pistasúhnetum.</p> |
|   | <p>Setjið í pott sykur, smjör og hunang. Hitið varlega og hrærið þangað til að smjórið bráðnar og sykurinn leysist upp.</p> |
|   | <p>Hellið úr pottinum yfir í skálina. Hrærið vel saman.</p> |
|   | <p>Setjið bökunarpappír á ofnplötu. Hellið öllu úr skálinni í eldfasta mótið. Dreifið vel úr blöndunni.</p> |
|   | <p>Bakið í 15 mínútur.</p> |



Brauðbollur með lyftidufti

ÞÚ ÁTT AÐ NOTA:

| | | | |
|----------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------|
| 8 dl |  |  | Átta desilítrar speltthveiti. |
| 1 dl |  |  | Einn desilíter haframjöl. |
| 2 msk |  |  | Tvær matskeiðar sesamfræ. |
| 2 tsk |  |  | Tvær teskeiðar púðursykur. |
| 2 msk |  |  | Tvær matskeiðar lyftiduft. |
| 2 1/2 dl |  |  | Tveir og hálfur desilíter af léttmjólk. |
| 2 1/2 dl |  |  | Tveir og hálfur desilíter af súrmjólk. |



Brauðbollur

ÞETTA ÁTTU AÐ GERA:



| | |
|--|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| | <p>Hitið ofninn í 180°C</p> |
| | <p>Blandið saman í skál spelthveiti, haframjöli, sesamfræjum, púðursykri og lyftidufti.</p> |
| | <p>Bætið mjólkinni og súrmjólkinni saman við og blandið vel saman.</p> |
| | <p>Setjið bökunarpappír á ofnplötu.</p> |
| | <p>Setjið deigið á borðið og mótið kúlar úr deiginu. Raðið á ofnplötuna. Penslið með eggi og stráið sesamfræjum yfir.</p> |
| | <p>Bakið í 20 mínútur.</p> |

MATREIÐSLA




Ídýfa


ÞÚ ÁTT AÐ NOTA:

| | | |
|-------|-------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------|
| 1 dós |  | Ein dós sýrður rjómi 5% |
| 3 msk |  | Þrjár matskeiðar af púrllauks-súpudufti |

ÞETTA ÁTTU AÐ GERA:

| | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------|
|  | Settu sýrða rjómann í skál. Bættu púrllauks-súpuduftinu saman við. Hrærðu vel. |
|-------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------|

HUGMYNDIR:

| | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|  | Tilvalið er að nota þessa ídýfu með niðurskornu grænmeti. Einnig er hægt að nota þessa sósu með öllum mat. |
|-------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------|






Tamari-möndlur

ÞÚ ÁTT AÐ NOTA:

| | | | |
|-------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------|
| 2 dl |  |  | Tvo desilítra af möndlum með hýði. |
| 2 msk |  |  | Tvær matskeiðar tamarísósa. |

ÞETTA ÁTTU AÐ GERA:

| | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------|
|  | Settu möndlurnar á heita pönnu og helltu tamarí-sósunni yfir. Hrærðu vel saman í 2-3 mínútur. |
|  | Settu bökunarpappír í eldfast form og helltu möndlunum í formið. |
|  | Bakið í 7 mínútur við 180 °C. |





Snakk– poki

ÞÚ ÁTT AÐ NOTA:

| | | | |
|------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------|
| 1 dl |  |  | Einn desilíter döðlur. |
| 1 dl |  |  | Einn desilíter möndlur. |
| 1 dl |  |  | Einn desilíter rúsínur. |
| 1 dl |  |  | Einn desilíter trönuber. |
| 1 dl |  |  | Einn desilíter graskersfræ. |
| 1 dl |  |  | Einn desilíter sólblómafræ. |
| 1 dl |  |  | Einn desilíter kókosflögur. |

ÞETTA ÁTTU AÐ GERA:

| | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------|
|  | Mældu allt hráefni og settu í skál. Blandaðu vel saman. |
|  | Settu blönduna í fjóra litla plastpoka. |






Spelt- brauð

ÞÚ ÁTT AÐ NOTA:

| | | | |
|-------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------|
| 5 dl |  |  | Fimm desilítrar spelt-hveiti. |
| 1 dl |  |  | Einn desilíter sólblómafræ. |
| 3 tsk |  |  | Þrjár teskeiðar vínsteinslyftiduft. |
| 1 tsk |  |  | Ein teskeið salt. |
| 2 dl |  |  | Tveir desilítrar súr-mjólk. |
| 2 dl |  |  | Tveir desilítrar heitt vatn. |






ÞETTA ÁTTU AÐ GERA:

| | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------|
|  | Stilltu ofninn á 200 °C |
|  | Mældu allt hráefni og settu í skál. Blandaðu saman. Ekki hræra of mikið í deiginu. |
|  | Settu í mót og bakaðu í 25-30 mínútur. |






Ávaxtasalat

ÞÚ ÁTT AÐ NOTA:

| | | |
|--------|-------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------|
| 2 stk |  | Tvö epli. |
| 2 stk |  | Tvær perur. |
| 2 stk |  | Tvær appelsínur. |
| 1 búnt |  | Eitt búnt vínber. |
| 4 msk |  | Fjórar matskeiðar sítrónusafa. |

ÞETTA ÁTTU AÐ GERA:

| | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------|
|  | Skolið og skerið niður ávextina í litla bita. |
|  | Setjið bitana í skál og settu sítrónusafa yfir. |
|  | Upplagt er að setja ávexti í poka og hafa með sér sem millimáltíð. |



Hollustu-brauð

ÞÚ ÁTT AÐ NOTA:

| | | | |
|----------|--|--|-------------------------------------|
| 4 dl | | | Fjórir desilítrar spelthveiti. |
| 2 dl | | | Tveir desilítrar hveitikím. |
| 1 dl | | | Einn desilíter sesamfræ. |
| 1 dl | | | Einn desilíter sólblómafræ. |
| 1 dl | | | Einn desilíter kókósmjöl. |
| 1 dl | | | Einn desilíter graskersfræ. |
| 1 msk | | | Ein matskeið vínsteinslyftiduft. |
| 1/2 tsk | | | Hálf teskeið salt. |
| 3 msk | | | Þrjár matskeiðar hunang. |
| 1 msk | | | Ein matskeið sítrónusafi. |
| 2 1/2 dl | | | Tveir og hálfur desilíter af vatni. |



Hollustu-brauð

ÞETTA ÁTTU AÐ GERA:

| | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------|
|  | <p>Hitið ofninn í 190°C</p> |
|  | <p>Blandið saman í skál spelthveiti, hveitikími, vínsteinslyfidufti og salti.</p> |
|  | <p>Bætið við sesamfræjum, sólblómafræjum, graskersfræjum og kókosmjöli.</p> |
|  | <p>Bætið hunangi, sítrónusafa og og vatni saman við og hrærið vel saman.</p> |
|  | <p>Hellið úr skálinni í brauðform sem búið er að speyja með Pam spreyi.</p> |
|  | <p>Bakið í 45 mínútur.</p> |



Hrökk-brauð

ÞÚ ÁTT AÐ NOTA:

| | | | |
|----------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------|
| 1 dl |  |  | Einn desilíter sólblómafræ. |
| 1 dl |  |  | Einn desilíter graskersfræ. |
| 1 dl |  |  | Einn desilíter hörfræ. |
| 1 dl |  |  | Einn desilíter sesamfræ. |
| 2 tsk |  |  | Tvær teskeiðar salt. |
| 1 dl |  |  | Einn desilíter haframjöl. |
| 3 1/2 dl |  |  | Þrjár og hálfur desilíter spelt. |
| 1 1/4 dl | |  | Einn og einn fjórði desilíter olía. |
| 2 dl | |  | Tveir desilítrar af vatni. |



Hrökk-brauð

ÞETTA ÁTTU AÐ GERA:

| | |
|--|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| | <p>Hitið ofninn í 190°C</p> |
| | <p>Blandið saman í skál sólblómafræjum, graskersfræjum, hörfræjum, sesamfræjum og salti.</p> |
| | <p>Bætið við haframjöli og spelti og hrærið vel saman. Bætið við olíu og vatni og hrærið vel saman.</p> |
| | <p>Setjið bökunarpappír á ofnplötu. Setjið helminginn af deiginu á pappírinn. Setjið hinn helminginn á aðra ofnplötu.</p> |
| | <p>Setjið aðra örku af bökunarpappír yfir deigið. Notið kökukefli til að fletja út deigið.</p> |
| | <p>Takið bökunarpappírinn af deiginu. Bakið í 10 –15 mínútur.</p> |





Hummus

ÞÚ ÁTT AÐ NOTA:

| | | |
|----------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------|
| 1 dós |  | Ein dós kjúklinga-baunir. |
| 1 stk |  | Eitt hvítlauks-rif. |
| 1/2 búnt |  | Hálft búnt af stein-selju. |
| 2 msk |   | Tvær matskeiðar tahini. |
| 3 msk |   | Þrjár mat-skeiðar sítrónu-safi. |
| 1 msk |   | Ein mat-skeið tamarí-sósa. |
| 4 msk |   | Fjórar matskeiðar appelsínu-safi. |
| 1 dl |   | Einn desilíter grilluð paprika. |




















ÞETTA ÁTTU AÐ GERA:

| | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------|
|  | Mældu allt hrá-efni og settu í matvinnslu-vél. Maukaðu allt vel saman. |
|  | Tilvalið að bera fram hummus með ný-bökuðu brauði eða niður-skornu græn-meti. |



Grænmetis-vefjur

ÞÚ ÁTT AÐ NOTA:

| | | |
|---------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 1 stk |  | Ein rauð paprika. |
| 1 stk |  | Ein gul paprika. |
| 1 stk |  | Einn rauð-laukur. |
| 1 msk |   |  Ein mat-skeið olía. |
| 1/2 tsk |   |  Hálf teskeið papriku-krydd. |
| 1/2 tsk |   |  Hálf teskeið kummin-krydd. |
| 1 msk |   |  Ein matskeið balsamik-edik. |
| 2 tsk |   |  Tvær teskeiðar hrásykur. |
| 4 stk |  | Fjórar tortillur. |



Grænmetis-vefjur

ÞETTA ÁTTU AÐ GERA:

| | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------|
|  | <p>Hitið ofninn í 190°C</p> |
|  | <p>Skolið paprikur og skerið smátt. Skerið rauðlaukinn smátt.</p> |
|  | <p>Hitið olíu á pönnu og steikið paprikurnar og rauðlaukinn í nokkrar mínútur.</p> |
|  | <p>Bætið papriku-kryddi og kummin-kryddi saman við og hrærið vel saman.</p> |
|  | <p>Bætið að lokum balsamik-edik og hrásykri saman við og hrærið vel.</p> |
|  | <p>Hitið tortillur í ofni í 1-2 mínútur.</p> |
|  | <p>Berið fram með salsasósu og rifnum osti.</p> |



Pasta-salat með kjúkling

ÞÚ ÁTT AÐ NOTA:

| | | | |
|---------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------|
| 6 dl |  |  | Sex desilítrar pasta. |
| 1 msk |  |  | Ein matskeið olía. |
| 1/2 tsk |  |  | Hálf teskeið salt. |
| 1 bakki | |  | Einn bakki af tilbúnum kjúkling. |
| 1/2 stk | |  | Hált íssalat. |
| 1/2 stk | |  | Hálf agúrka. |
| 1 stk | |  | Einn rauðlaukur. |
| 1 stk | |  | Ein rauð paprika. |
| 2 stk | |  | Tveir tómatar. |



Pasta-salat með kjúkling

ÞETTA ÁTTU AÐ GERA:

| | |
|--|-----------------------------------------------------------------------------------------------|
| | <p>Setjið vatn í pott og bætið út í vatnið olíu og salti.</p> |
| | <p>Þegar vatnið sýður setjið pasta út í pottinn og látið sjóða í 10 mínútur.</p> |
| | <p>Skolið og skerið niður salatið, agúrkuna, rauðlaukinn, paprikuna og tómatana.</p> |
| | <p>Þegar pastað er soðið hellið því í sigti og kælið með köldu vatni.</p> |
| | <p>Setjið allt grænmetið í skál. Setjið pasta og kjúkling í skálina og blandið vel saman.</p> |
| | <p>Berið fram með fetaosti og brauði.</p> |



Gulrótar-súpa

ÞÚ ÁTT AÐ NOTA:

| | | |
|-------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------|
| 1 poki |  | Einn poki af gulrótum. |
| 1 stk |  | Einn laukur |
| 1 rif |  | Eitt hvítlauksrif. |
| 1 stk |  | Eitt epli. |
| 1 stk |  | Ein sæt kartafla. |
| 1 tsk  |  | Ein teskeið pipar. |
| 1 tsk  |  | Ein teskeið salt. |
| 1 stk |  | Einn kjúklingateningur. |
| 1 stk |  | Einn grænmetisteningur. |
| 1 dós |  | Ein dós kókosmjólk. |



Gulrótar-súpa




ÞETTA ÁTTU AÐ GERA:

| | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|  | <p>Setjið 5 dl af vatni í pott.</p> |
|  | <p>Hreinsið gulræturnar og saxið smátt. Setjið í pottinn.</p> |
|  | <p>Skerið niður lauk og hvítlauk. Afhýðið eplið og sætu kartöfluna og skerið niður. Setjið allt í pottinn.</p> |
|  | <p>Mælið salt og pipar og bætið í pottinn.</p> |
|  | <p>Bætið grænmetisteningum út í pottinn. Að lokum setjið kókosmjólk í pottinn. Hrærið vel saman.</p> |
|  | <p>Látið sjóða í 20 í mínútur. Gott er að nota töfrasprota í lokin og mauka súpuna.</p> |



Pasta-salat með tún-fisk og eggjum

ÞÚ ÁTT AÐ NOTA:

| | | |
|---------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------|
| 4 stk |  | Fjögur egg. |
| 5 dl |   | Fimm desilítrar pasta. |
| 1 msk |   | Ein matskeið olía. |
| 1 tsk |   | Ein teskeið salt. |
| 1 tsk |   | Ein teskeið season all. |
| 1/2 stk |  | Hálft íssalat. |
| 1 stk |  | Ein rauð paprika. |
| 2 stk |  | Tveir tómatar. |
| 15 stk |  | Fimmtán vínber. |
| 1 dós |  | Ein dós túnfiskur. |



Pasta-salat tún-fisk og eggjum

ÞETTA ÁTTU AÐ GERA:

| | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|  | Setjið vatn í pott og bætið út í vatnið olíu og salti. |
|  | Þegar vatnið sýður setjið pasta út í pottinn og látið sjóða í 10 mínútur. |
|  | Setjið egg í pott ásamt vatni og látið sjóða í 10 mínútur. |
|  | Skolið og skerið niður salatið, paprikuna, tómatana og vínberin. |
|  | Þegar pastað er soðið hellið því í sigti og kælið með köldu vatni og kryddið með season all. |
|  | Setjið allt grænmetið í skál. Setjið pasta og túnfisk í skálina og blandið vel saman. Skerið eggin og setjið í skálina. |



Sælkera-fiskur

ÞÚ ÁTT AÐ NOTA:

| | | |
|-------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------|
| 4 stk |  | Fjórar gulrætur. |
| 1 stk |  | Einn laukur og ein paprika. |
| 1 stk |  | Eitt epli. |
| 1 msk  |  | Ein matskeið olía. |
| 1 tsk  |  | Ein teskeið karrý. |
| 1/2 dós |  | Hálf dós af Philadelphia létt osti. |
| 1 dl  |  | Einn desilíter af léttmjólk. |
| 3 stk |  | Þrjú fiskflök skorin í bita. |
| 1 tsk  |  | Ein teskeið af salti og ein teskeið af sítrónupipar. |
| 1 tsk  |  | Ein teskeið season all. |



Sælkera-fiskur

ÞETTA ÁTTU AÐ GERA:

| | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|  | <p>Skolið og hreinsið gulrætur, skerið smátt. Skerið lauk og papriku smátt.</p> |
|  | <p>Afhýðið epli og skerið smátt.</p> |
|  | <p>Hitið olíu á pönnu og steikið gulrætur, papriku og laukinn í nokkrar mínútur. Bætið svo eplinu saman við.</p> |
|  | <p>Kryddið með karrý. Setjið mjólkina og létt-ostinn á pönnuna og blandið vel þannig að osturinn leysist upp.</p> |
|  | <p>Leggið fiskflökin ofan á grænmetis-sósuna og kryddið með salti, sítrónupipar og season all.</p> |
|  | <p>Setjið lok á pönnuna og látið malla í 10 mínútur.</p> |
|  | <p>Berið fram með góðu salati og hrisgrjónum.</p> |



Hakk með gul-rótum og kjúklinga-baunum

ÞÚ ÁTT AÐ NOTA:

| | | |
|-------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------|
| 6 stk |  | Sex gulrætur. |
| 1 stk |  | Einn laukur. |
| 1 msk |   | Einn mat-skeið olía. |
| 500 g |  | Fimm hundruð grömm hakk. |
| 1 tsk |   | Ein teskeið salt og ein teskeið pipar. |
| 1 tsk |   | Ein teskeið season - all. |
| 1 dós |  | Ein dós spaghattísósa. |
| 1 dós |  | Ein dós kjúklingabaunir. |

MATREIÐSLA



Hakk með gul-rótum og kjúklinga-baunum
















ÞETTA ÁTTU AÐ GERA:

| | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|  | <p>Skolið og hreinsið gulrætur. Rífið gulrætur niður með rifjárnri.</p> |
|  | <p>Skerið lauk í litla bita.</p> |
|  | <p>Hitið olíu á pönnu og steikið hakkið. Bætið lauk og gulrótum á pönnuna og steikið áfram í nokkrar mínútur.</p> |
|  | <p>Kryddið með salti, pipar og season-all.</p> |
|  | <p>Hellið spaghettísósunni á pönnuna. Hellið safanum af kjúklingabaununum og bætið þeim á pönnuna.</p> |
|  | <p>Setjið lok á pönnuna og látið malla í 10 mínútur.</p> |
|  | <p>Berið fram með góðu salati og spaghettí.</p> |



Hollari hamborgari

ÞÚ ÁTT AÐ NOTA:

| | | | |
|---------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------|
| 4 stk | |  | Fjórir hamborgarar. |
| 1/2 stk | |  | Hálft íssalat. |
| 1 stk | |  | Einn rauðlaukur. |
| 2 stk | |  | Tveir tómatar. |
| 1/2 stk | |  | Hálf agúrka. |
| 1 msk |  |  | Ein matskeið olía. |
| 1 tsk |  |  | Ein teskeið salt og pipar. |
| 1 tsk |  |  | Ein teskeið season all. |
| 1/2 dós | |  | Hálf dós sólskins-sósa. |
| 3 msk |  |  | Þrjár matskeiðar sýrður rjómi. |
| 4 stk | |  | Fjórar lífskorna-bollur. |



Hollari hamborgari

ÞETTA ÁTTU AÐ GERA:

| | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------|
|  | <p>Skolið og skerið kál, lauk, tómata og gúrku.</p> |
|  | <p>Setjið niðurskorið grænmetið á disk.</p> |
|  | <p>Blandið saman í skál sólskins-sósunni og sýrðum rjóma. Hrærið vel saman.</p> |
|  | <p>Kryddið hamborgarana með salti, pipar og season-all.</p> |
|  | <p>Hitið olíu á pönnu og steikið hamborgarana í nokkrar mínútur á hvorri hlið.</p> |
|  | <p>Setjið ostsneið ofan á hvern hamborgara og láta aðeins bráðna.</p> |
|  | <p>Hitið brauðbollurnar í ofni í nokkrar mínútur.</p> |



Heimagerður pizza-botn

ÞÚ ÁTT AÐ NOTA:

| | | | |
|-------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------|
| 3 dl |  |  | Þrjár desilítrar heil-hveiti. |
| 1 dl |  |  | Einn desilíter spelt-hveiti. |
| 2 tsk |  |  | Tvær teskeiðar lyftiduft. |
| 1 tsk |  |  | Ein teskeið pizza-krydd. |
| 1 tsk |  |  | Ein teskeið oreganó. |
| 2 msk |  |  | Tvær matskeiðar olía. |
| 2 dl |  |  | Tveir desilítrar mjólk. |



Heimagerð pizza

ÞETTA ÁTTU AÐ GERA:

| | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|  | <p>Mælið heilhveiti og spelthveiti og setjið í skál.</p> |
|  | <p>Bætið í skálina lyftidufti, pizzukryddi og oreganó. Blandið vel saman með sleif.</p> |
|  | <p>Mælið olíu og mjólk og bætið í skálina.</p> |
|  | <p>Blandið vel saman í skálinni. Setjið deigið svo á borðið og hnoðið.</p> |
|  | <p>Fletjið deigið út og setjið á bökunarplötu.</p> |
|  | <p>Setjið pizzusósu á deigið, rifinn ost og álegg að eigin vali. Tilvalið að setja mikið af grænmeti.</p> |
|  | <p>Bakið pizzuna við 180°C í 15 mínútur.</p> |



Hollari súkkulaðibitakökur

ÞÚ ÁTT AÐ NOTA:

| | | |
|---------|-------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------|
| 3 stk |  | Þrjú bananar. |
